



Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2008/1

# Fornleifakönnun í grunni Reykholtskirkju í Borgarfirði

Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon



Reykjavík 2008

*Forsíða: Horft ofan í steinþró.*

© Þjóðminjasafn Íslands/Agnes Stefánsdóttir/Kristinn Magnússon.  
Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2008/14  
Ritstjóri: Steinunn Kristjánsdóttir.  
Öll réttindi áskilin.

## Efnisyfirlit

Aðdragandi.....	4
Vettvangsrannsókn.....	4
Svæðið sunnan torfveggjarins.....	5
Svæðið norðan torfveggjarins.....	6
Smiðjan .....	10
Fundaskrá.....	13
Sýnaskrá.....	13
Niðurstaða rannsóknar .....	14
Heimildir .....	15

## Aðdragandi

Árið 1984 var lögð fram greinargerð á vegum Húsafríðunarnefndar ríkisins um endurbætur á Reykholtskirkju. Kirkjan sem byggð var árið 1887 hafði þá um nokkurt skeið fengið lítið viðhald. Þetta sama ár afréð söfnuðurinn að láta byggja nýja kirkju á staðnum. Á næstu árum þokaðist lítt í málefnum gömlu kirkjunnar. Viðhaldi var lítið sinnt og á tímabili var talað um að flytja kirkjuna á byggðasafnið í Görðum á Akranesi. Ný kirkja var reist í Reykholti á árunum 1988-1996 og vígð um sumarið 1996. Gamla kirkjan var þá tekin úr notkun. Árið 2000 óskaði Þjóðminjasafn Íslands eftir því að fá gömlu kirkjuna inn í húsasafn Þjóðminjasafnsins og kosta viðgerð hennar. Samningur þar að lútandi var undirritaður 2001. Það sama ár veitti Húsafríðunarnefnd myndarlegan fjárstyrk í viðgerð kirkjunnar. Viðgerðin hófst um haustið og var kirkjan flutt af undirstöðunum því nauðsynlegt þótti að endurnýja þær. Haraldur Helgason, arkitekt á húsverndardeild Þjóðminjasafns Íslands og Magnús Skúlason, arkitekt og forstöðumaður Húsafríðunarnefndar veittu sameiginlega forsögn um verkið og höfðu umsjón og eftirlit með framkvæmdum.

Áður en ráðist yrði í viðgerðir á kirkjunni sjálfri var talið nauðsynlegt að lyfta henni af grunninum, fjarlægja hann og byggja nýjan. Farið var fram á það við fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands að fornleifafræðingur hefði eftirlit með framkvæmdum þegar grunnurinn undir kirkjunni yrði fjarlægður.

## Vettvangsrannsókn


Þriðjudaginn 16. október 2001 fór Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur í Reykholt til framkvæmdaeftirlits. Svo sem ef til vill mátti vænta á jafn sögufrægum stað og í Reykholti þá komu fljótlega í ljós minjar um eldri mannvist þegar farið var að hreyfa við jarðveginum undir kirkjunni. Það sem vera átti framkvæmdaeftirlit í einn til tvo daga breyttist í fornleifarannsókn sem stóð til 31. október 2001. Auk Agnesar Stefánsdóttur tók Kristinn Magnússon fornleifafræðingur þátt í rannsókninni.

Grafið var svæði sem náði u.þ.b. einn metra út fyrir vegg kirkjunnar. Uppgröfturinn fylgdi veggjum kirkjunnar nema í austurendanum þar sem tekinn var flái á uppgröftinn í stað þess að fylgja veggjum kórsins (sjá yfirlitsmynd 2). Vélgrafa var notuð við uppgröftinn í byrjun. Fljótlega kom í ljós mjög dökkt, blautt, leirkennt lífrænt lag í NA-horni grunnsins. Efst í þessu lagi fundust dýrabein, líklega úr nautgripum. Grafið var um 1-1,5 m þykkt lag ofan af öllu svæðinu með vélgröfunni. Á u.þ.b. 70 cm dýpi kom í ljós torfveggur, rúmlega eins meters breiður og 40-50 cm hár, sem lág í gegnum allt svæðið frá vestri til austur rétt fyrir innan, norðan, suðurvegg kirkjunnar. Þegar komið var niður á um 1,5 m dýpi komu í ljós manna-bein syðst á svæðinu. Vestarlega í norðurhlutanum birtist ferhyrndur steinrammi sem leit út fyrir að vera efsti hluti steinþróar. Nú var vélgrafan tekin af svæðinu og grafið með handverkfærum niður á óhreyft. Gerðar voru sniðteikningar af öllum hliðum uppgraftarsvæðisins nema vesturhliðinni. Einnig var teiknað snið sem lág frá norðri til suðurs, þvert í gegnum eldstæðið og steinþróna norðan megin og í gegnum tvær grafir sunnanmegin. Þá voru teiknaðar nokkrar flatarteikningar eftir því sem verkinu miðaði áfram. Þegar steinþróin var tekin upp voru steinarnir sem hún var gerð úr teiknaðir og merktir svo að hægt yrði að setja hana saman að nýju.

Í raun er um tvö skýrt aðgreind svæði að ræða. Annars vegar er það svæðið sunnan torfveggjarins og hins vegar svæðið norðan hans. Svæðin eiga ekkert sameiginlegt og verður því fjallað um þau hér á eftir hvort í sínu lagi.


## Svæðið sunnan torfveggjarins

Að sögn staðkunnugra í Reykholti reistu menn kirkjuna 1887 rétt fyrir norðan kirkjugarðsvegginn eins og hann lá þá. Þá höfðu menn ekki hugmynd um að verið væri að reisa kirkjuna að hluta til í eldri kirkjugarði. Syðst á uppgraftarsvæðinu fundust leifar fimm grafa (sjá staðsetningu á flatarteikningu 2). Ein grafanna var grafin ofan í aðra eins og sést á flatarteikningunni og teikningu af sniði F. Þótt beinin væru greinileg í jarðveginum þegar hreinsað hafði verið ofan af þeim voru þau sem smjör viðkomu og því ómögulegt að ná þeim upp heilum. Öllum beinaleifunum sem fundust við uppgröftinn var komið fyrir í þar til gerðum kassa sem grafa á að nýju innan kirkjugarðs.




### Snið A (Suðurhlið):

1. Grásrót
2. dökk mold
3. ljós mold
4. möl
5. niðurgroftur, fylling blönduð möl
6. niðurgroftur, fylling blönduð möl
7. ljóst mannvistarlag
8. dökkt mannvistarlag
9. blönduð möl, fylling
10. móaska
11. óhreyft
12. ísaldarmöl



### Snið B (Flái í SA horni):

1. grásrót
2. möl
3. niðurgroftur fyrir gufulagnir
4. blönduð mold
5. ljós
6. torf
7. leirkennt torfblandað lag
8. möl
9. blandað leirkennt lag
10. gjóska
11. niðurgroftur fyrir gróf, fylling malarblönduð
12. blandað moldarlag með möl
13. blandað torf
14. bein
15. blandað lag með mannvistarleifum
16. óhreyft
17. ísaldarmöl



**Snið F (Þvert á svæðið frá norðri til suðurs, sjá staðsetningu á yfirlitsmynd)**

- |                                |                                      |
|--------------------------------|--------------------------------------|
| 1. möl                         | 7. gólfslag                          |
| 2. járnútfelling               | 8. niðurgroftur fyrir gróf           |
| 3. viður í botni eldstæðis     | 9. dökkt blandað moldarlag með kolum |
| 4. niðurgroftur fyrir steinþró | 10. óhreyft                          |
| 5. torfveggur                  | 11. ísaldarmöl                       |
| 6. kolalag                     |                                      |

Sniðin sunnan megin á svæðinu voru mjög ólík þeim að norðanverðu og einkenndust helst af þykkum moldar og malarlögum. Á tveimur stöðum í sniði A mátti glögg t greina hvar grafið hefur verið í gegnum jarðlögin. Í sniði B mátti auk moldar- og malarlaganna finna leirkennd og torfblönduð lög. Þar fannst einnig smá linsa úr gjóskulagi. Nærri suðurenda sniðsins var gróf. Í botni hennar fundust leifar beinagrindar. Það er athyglisvert að þessarar grafar varð ekki vart í sniðinu fyrr en á um 1 m dýpi sem er í svipaðri hæð og botninn á torfveggnum, sem sást nyrst í sniðinu. Þetta gæti gefið til kynna að torfveggurinn og gröfin séu samtíða og að veggurinn sé í raun kirkjugarðsveggur. Það sem þó vekur furðu er að hafi efri hluta þessarar grafar ekki verið raskað og hún í raun verið grafin frá sama yfirborði og veggurinn hvíldi á. Þá er hún ótrúlega grunn, aðeins um 70 cm. Eins er um hinar grafirnar sem fundust á svæðinu eins og vel sést á sniðteikningunni sem teiknuð er þvert á svæðið frá norðri til suðurs (snið F). Þær grafir sem þar koma fram er einungis um 50 cm neðar en veggurinn. Þetta ásamt því að ein grafanna var að hluta til undir torfveggnum (sjá flatarteikningu 2) dregur úr líkum á að torfveggurinn og grafirnar séu samtíða og að hér sé um kirkjugarðsvegg að ræða.


Holurnar sem markaði fyrir í sniði A og áður var talað um náðu mun hærra upp í sniðið. Sú austari byrjaði á um 0,5 m dýpi en sú vestari rétt undir núverandi grassverði. Þetta bendir til þess að holurnar tvær í sniði A tengist ekki torfveggnum heldur séu þær leifar yngra jarðrasks og ekki endilega grafir. Norðarlega í sniði B var skýr niðurgroftur með tveimur járnörum í. Munu hafa verið gufulagnir sem lagðar voru í kirkjuna.

Ekkert er hægt að fullyrða um aldur torfveggjarins né grafanna út frá rannsókninni. Vitneskja um tilvist þeirra virðist þó öllum gleymd þegar kirkjan var reist 1887.

### Svæðið norðan torfveggjarins.


Svæðið norðan torfveggjarins einkenndist af moldarkenndum lögum efst. Undir þeim var mjög þykkt svart, lífrænt, lag. Lagið var þykkast nyrst á svæðinu en þynntist eftir því sem sunnar dró og hvarf áður en komið var að torfveggnum eins og sést á

teikningu á sniði D. Þótt hér sé talað um eitt lag var það í raun samsett úr mörgum mjög líkum lögum. Talið er að hér sé um ræða mykju sem mokað hefur verið úr útihúsum sem stóðu nokkru norðar á seinni öldum. Undir mykju laginu var leirkennt ljóst lag og þar undir mjög hart járnútfellingarlag. Vatn seytleði úr sniðinu við hlið smiðjunnar svo að erfitt var að fá nákvæma mynd á jarðlagasniðið þar.




#### Snið C (Austurendi):

1. grasrót
2. möl
3. blönduð mold
4. ljósir torfusneplar
5. dökkt lagskipt lífrænt lag
6. ljós linsa
7. blönduð lög með rauðum linsum
8. torf
9. blandað torf
10. niðurgroftur, torfblönduð fylling
11. óhreyft
12. gjóska
13. ísaldarmöl



#### Snið D (Flái í NA horni):

1. blandað moldarlag
2. möl
3. torfusneplar
4. blandað torf, leirkennt
5. rauðleitt leirkennt lag, mjög blautt
6. svart lagskipt lífrænt lag (mykjuhaugur?)
7. járnútfelling
8. óhreyft




#### Snið E (Norðurhlið):

- |                            |                          |
|----------------------------|--------------------------|
| 1. grasrót.                | 5. leir (ljósbrúnn/grár) |
| 2. torfusneplar            | 6. möl                   |
| 3. blandað torf, leirkennt | 7. járnútfelling         |
| 4. svart lífrænt mykju lag | 8. óhreyft               |






Undir nyrðri langvegg kirkjugrunnsins komu í ljós mannvistarlæg og þar glitti í efsta hluta steinþróar rétt vestan við miðjan grunninn. Þróin var gerð úr ljósu bergi sem heimamenn kalla hveragrjót. Eftir því sem leið á rannsóknina kom æ skýrar í ljós að þróin var hluti smiðju sem þarna hefur staðið.

Svæðinu kringum þróna má skipta í tvennt, smiðjuna sjálfa og það sem virtist vera eldiviðargeymsla. Yfir svæðinu öllu var hörð járnútfelling. Í kringum þróna var auk þess þétt leirkennt móöskublandað lag. Greinileg skil voru hins vegar rétt vestan við þróna því þar tók við mjög dökkt lag blandað viðarkolum og mjög miklu af litlum

trékubbum og tréspæni. Kolaleifarnar voru dreifðar í laginu og ekki í því magni að séð yrði að um kolageymslu væri að ræða. Á mörkum svæðisins kringum þróna annars vegar og svæðisins vestan hennar hins vegar fundust stoðarholur þannig að líklega var einhvers konar veggur þarna á milli. Það hversu ólík svæðin voru bendir einnig til að milli þeirra hafi verið skýr skil, veggur.



Flatarteikning 1, norður vísar upp.


 Steinn	 Móaska
 Dökk lag með viðarspænum	 Stoðarholur
 Járnútfelling	

Um vestara svæðið, eldiviðargeymsluna, er ekki mikið að segja. Ákveðnar vísbendingar fundust um stærð þessa mannvirkis. Merki um austurvegg eins og áður segir, útbreiðsla viðarlagsins og nokkrir steinar sem virtust mynda norðvesturhorn byggingarinnar. Suðurhlíð byggingarinnar var horfin. Af þessu mátti þó ráða að húsið hafi verið um 2 x 3 m að flatarmáli. Ekki eru aðrar vísbendingar um að hér hafi verið um eldiviðargeymslu að ræða en þær að gólfíð var þakið viðarkubbum og spæni og



nálægðin við eldstæði smiðjunnar. Vel má vera að geymsla eldiviðs hafi einungis verið eitt af mörgum hlutverkum þessa litla húss.

Leifarnar sem fundust eftir smiðjuna voru þróin, eldstæði norðan við þróna og niðurgrafin hola og nokkrir steinar á barmi hennar, vestan við þróna. Þá fundust tvær stoðarholur, önnur rétt upp við eldstæðið að austanverðu en hin u.þ.b. 1 meter sunnan við þróna og litlu austar en hún. Þróin er sett saman úr steinhellum og smærra grjóti. Ummál hennar að utanverðu er u.þ.b. 60 x 80 cm og dýpt hennar um 80 cm. Steinhellurnar eru um 10 cm þykkar en misstórar að öðru leyti. Tvær steinhellur eru í botni þróarinnar.



#### Snið þróar:


1. Móaska, ljós.
2. Kol.
3. Móaska, ljós.
4. Blönduð mold.
5. Blönduð móaska, ljós.
6. Mold, mjög dökk.
7. Móaska, mjög hrein, dökk rauð með svörtum og hvítum blettum.
8. Móaska, blaut, leirkennd, fín, appelsínugul með ljósum og svörtum blettum.
9. St. eru steinar.

Kolalagið efst í þróinni bendir til þess að eldur hafi verið kveiktur í henni eftir að búíð var að henda í hana móösku í einhvern tíma áður. Allt hefur þetta þó gerst eftir að upprunalegu hlutverki hennar lauk því varla hefur þróin verið smíðuð til þess að verða ruslatunna.

Ljóst er að þróin hefur verið grafin niður í óhreyfða jörð. Holan sem grafin var einungis örfáum sentimetrum víðari en þróin en eftir að henni var komið fyrir í holunni var fyllt upp í holrúmið milli hennar og holubakkanna með fínum sandi. Eldstæðið var niðurgrafin, nánast hringlaga, hola u.þ.b. 80 cm í þvermál og um 15-20 cm djúp. Hún var full af sóti og kolum. Tekin voru sýni úr eldstæðinu, m.a. kolasýni (S-18) til aldursgreiningar. Niðurstöður aldursgreiningarinnar leiddu í ljós að 95 % líkur eru á að sýnið sé frá tímabilinu 1030-1260 (SUERC-5120: 870 +/- 35, calibred skv. Bronk-Ramsay 2003 með 2 sigma (95% líkur) 1030 – 1260). Í suðvestur hluta eldstæðisins var tekinn stokkur út úr eldstæðinu. Stokkurinn var klæddur grjóti og hefur þjónað sem loftrás að eldstæðinu. Við vesturhlið þróarinnar var einkennileg hola sem náði að eldstæðinu. Rétt sunnan holunnar voru steinar sem í fljótu bragði höfðu ekki sýnilegan tilgang.

Eins og áður segir fundust tvær stoðarholur austast á smiðjusvæðinu. Ljóst er að stoðirnar tvær sem stóðu í holunum hafa staðið þar samtímis smiðjunni. Ekki fundust nema þessar tvær holur á svæðinu kringum þróna og eldstæðið. Hugsanlega er skýringin sú að stoðirnar hafi haldið uppi skýli sem reist var yfir verkstöð járnsmiðsins. Skýlið, sem var u.þ.b. 1,5 x 2 m á stærð, hefur þá hvílt á þaki hússins vestan megin við verkstöðina og stoðunum tveimur að austanverðu. Hafi þetta verið svo hefur smiðjan verið utandyra. Undir „skýlinu“ á afmörkuðu svæði suður af þróinni fannst þétt, leirkennt, móöskublandið lag, u.þ.b. 10 cm undir efri brún hennar. Þetta gólflag tilheyrði greinilega smiðjunni (sjá teikningu af sniði F). Tekið var kolasýni (S-3) úr þessu lagi. Fjórar pinnaholur sem grafnar hafa verið niður úr gólfluginu fundust rétt sunnan við þróna (sjá flatarteikningu 1). Þær mynda nokkurn veginn beina línu frá

vestri til austurs. Austasta holan var um 50 cm austan við þróna. Það hefur oft vafist fyrir mönnum að útskýra tilgang slíkra pinnahola og það er síður en svo augljóst af hverju litlir trépinnar hafa staðið í röð á þessum stað. Ein hugsanleg skýring, þótt ef til vill sé hún langsótt, er að pinnarnir hafi haldið uppi lágum skjólvegg, t.d. úr skinni eða tauti, sem ætlað var að skýla eldinum og eldsmiðnum fyrir sunnan vindi. Þetta félli vel að þeirri hugmynd að smiðjan hafi verið utandyra.



Flatarteikning 2. Uppgrافتarsvæðið, norður vísar upp.

## Smiðjan

Hér á eftir fylgja vangaveltur um smiðjuna og hvernig höfundar þessarar skýrslu álíta að staðið hafi verið að vinnu í henni. Sótt er í heimildir um þekktar smiðjur og stuðst við umfjöllun Kristjáns Eldjárns um aflgrafir.

Árið 1982 gaf Sögufélagið út afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum. Ritið var nefnt Eldur í Norðri. Kristján Eldjárn skrifaði grein í þetta rit sem hann kallaði: *Að setjast í aflgröf. Punktur um smiðjuna í Stöng*. Í greininni gefur Kristján ágæta mynd af smiðjum fyrr og síðar. Lykilhlutir í hverri smiðju voru aflinn, þ.e. eldstæðið, steðjinn og nóstokkur, herslunór eða nóttrog, þ.e. kæliker. Kristján Eldjárn notar smiðjuna í Stöng í Þjórsárdal sem útgangspunkt í grein sinni. Bærinn Stöng er talinn hafa farið í eyði um 1100. Kristján telur aflinn í smiðjunni þar gjörsamlega ólíkan öflum frá seinni tíð að því leyti að hann er niðri á gólfi en ekki upp á grjótbálk eins og síðar tíðkaðist (Kristján Eldjárn 1982, bls. 214). Hér kann að vera komin vísbending um að smiðjan í Reykholti sé mjög gömul en eins og áður segir var aflinn þar grafinn niður í óhreyfða jörð.

Kristján veltir því fyrir sér hvernig blásið hafi verið að eldinum í Stangarsmiðju. Engin ummerki fundust um að þar hafi verið fastur belgur.

Fastir belgir hafa áreiðanlega ekki verið í öllum smiðjum, þótt það hafi sjálfsagt verið algengt og má minnst þess að aflhólkur fannst í bæjarrústunum í Skallakoti. En sumsstaðar hefur verið blásið með litlum lausum físelgjum sem maður knýr milli handa sér. Athyglisvert er að þvílíkt áhald sést á tveimur

elstu norrænu smiðamyndunum sem til eru og báðar sýna smiðinn Regin þegar hann smíðar sverðið er Sigurður vó drekann Fáfni með (Kristján Eldjárn 1982, bls. 214).

Ekkert verður fullyrt um hvernig þessu var háttað í Reykholti. Sem fyrr segir var steinhlaðin loftrás að eldstæðinu. Hvoru tveggja kemur til greina, að físelgur hafi verið hengdur upp á stoð eða vegg og með honum blásið gegnum aflhólk, eða að blásið hafi verið með lausum físelg.

Í Stöng var steðjablökk, *...lágur steinn, fastur í gólfi, með 12 cm djúpri holu fyrir steðjann* (Kristján Eldjárn 1982, bls. 215). Engu slíku var til að dreifa í Reykholti. Vel kann þó að vera að mönnum hafi þótt þau verðmæti í steðjanum og steðjablökkinni að hvoru tveggja hafi verið fjarlægð þegar smíði var hætt í í smiðjunni. Í smiðjunni í Stöng var nóstokkur úthöggvinn í einu lagi úr móbergi. Stokkurinn er 30 x 60 cm að innanmáli og 25-30 cm á dýpt (Kristján Eldjárn 1982, bls 212). Kristján telur þetta vera kæliker sem nauðsynlegt hafi verið í hverri smiðju (Kristján Eldjárn 1982, bls 215). Ekki fannst trog sem þetta, úthöggvið í einn stein, í smiðjunni í Reykholti. Hér kann þó að gilda það sama og um steðjablökkina að menn hafi fundið not fyrir þvilíkt trog á öðrum stað þegar það hafði þjónað tilgangi sínum í þessari smiðju.

Í smiðjunni í Stöng var *...niðurgrafin ferköntuð þró eða kassi úr hellum, 45x30 cm á vidd og 35 cm á dýpt* (Kristján Eldjárn 1982, bls 212). Kristján segir: *Sýnilega hefur þessi vandaða gryfja gegnt einhverju veigamiklu hlutverki í smiðjunni. En hvaða hlutverki? Það er spurningin sem fornleifafræðin vill fá svar við. Ekki stoðar að fara í smiðju til Kristleifs og Gísla [Kristján birtir fyrr í greininni lýsingu þeirra á smiðjum sem þeir þekktu]. Þeir hafa ekkert fram að færa sem varpar ljósi á þetta fyrirbrigði, né heldur veit ég deili á neinu slíku í seinni tíma smiðjum yfirleitt* (Kristján Eldjárn 1982, bls 216).

Þær sem þessar eru ekki mjög algengar í fornum rústum. Þær hafa þó fundist á nokkrum stöðum. Brynjúlfur Jónsson fann slíka þró í smiðjurúst inni í Sandafelli og taldi hana vera kolaholu. Þorsteinn Erlingsson rannsakaði bæjarrústir í Áslákstungu innri í Þjórsárdal. Þar fann hann þró úr steinhellum og taldi vera kæliker (Kristján Eldjárn 1982, bls. 216). Um þetta segir Kristján:

Og ekki líst mér á að tilgáta Brynjúlfs um að þróin sé “kolahola”, þ.e. kolageymsla smiðjunnar, sé rétt. Að minnsta kosti getur það alls ekki átt við um þróna í Stöng. Til þess væri henni illa fyrir komið í húsinu, og í botni hennar var sindur og gjall, en engar kolaleifar. Tilgáta Þorsteins að þróin í Áslákstungu innri hafi verið kæliker getur heldur ekki talist sannfærandi. Hún hefur varla nokkruntíma verið vatnsheld, og ekki er hún heldur á neinn hátt lík herslunó. Athyglisvert er um allar þessar helluþær, hversu jafnstórar þær eru. Það kynni að styrkja þann skilning að þær séu allar af einum og sama toganum (Kristján Eldjárn 1982, bls. 216-217).

Kristján gerir þessu næst grein fyrir notkun orðsins aflgröf í fornum heimildum. Orðið kemur einu sinni fyrir í fornu riti, Þiðriks sögu af Bern, en þar segir: *Nu setst Velent í hans aflgröf og gerir einn knif sem likastan þeim er hann hafde tynt*. Orðasambandið „að setjast í aflgröf“ kemur einnig fyrir í Inntaki úr söguþætti af Ásmundi flagðagæfu þar sem segir: *Ganga þau svo til smiðjunnar og sest Ásmundur í aflgröf...* ( Kristján Eldjárn 1982, bls 217). Kristján fjallar nánar um orðið aflgröf og notkun þess í grein sinni en kemst loks að eftirfarandi niðurstöðu:

Tilgáta mín er sú, að helluþróin í Stangarsmiðjunni, og þá líklega í Áslákstungu innri og á Þórarinsstöðum líka, sé sú aflgröf eða aflgröf sem bregður fyrir í heimildum eins og rakið hefur verið. Þegar allt er niðri á smiðjugólfinu, aflinn, reksteininn, steðjaþróin og nóstokkurinn, er nær óhugsandi að smiðurinn hafi staðið við vinnu sína. Slíkt væri óbærileg bakraun. Menn hljóta að hafa setið eins og margir smiðir munu hafa gert á seinni tímum. Bæði Kristleifur og Gísli gera ráð fyrir sæti handa smiðnum í lýsingum sínum. Þá hljóta smiðjugögnin að vera nokkurnveginn í þeirri hæð sem hæfir manni er situr á stól eða bekk. En þegar þessi gögn öll eru á gólfinu sjálfu, er ráðið að lækka sig enn meira og sitja sem næst á gólfinu með fæturna niðri í gryfju. Með því móti væri smiðurinn í eðlilegu návígi við allt sem hann þarf til vinnu sinnar án þess að bogra meira en góðu hófi gegnir. Slík gryfja hefði vel mátt kallast aflgröf eða aflgröf. Að koma sér í vinnustellingar í smiðjunni hefði þá getað kallast “að setjast í aflgröf”. Ég sé ekki neitt sem harðlega mælir því í gegn að þetta geti verið rétt, en legg tilgátuna fram til athugunar þeim sem framvegis munu fást við fornleifarannsóknir á Íslandi og ef til vill eiga eftir að rannsaka fornar smiðjur (Kristján Eldjárn 1982, bls 218-219).

Kristján segir að það sé athyglisvert að allar þær helluþrær, sem þekktar voru þegar hann skrifar grein sína, séu jafnstórar. Hann telur það geta styrkt þann skilning að þær séu allar af sama toga. Innanmál þessara þróa er nálægt því að vera 30 x 40-50 cm og dýptin 35-55 cm. Innanmál þróarinnar sem grafin var upp í Reykholti var nálægt því 40 x 60 cm en hún var hins vegar um 80 cm djúp (sjá mynd). Dýpt þessarar þróar gerir kenningu Kristjáns Eldjárns um að slíkar þrær hafi verið aflgrafir satt best að segja ótrúverðuga. Ef setið er á barmi þróarinnar í smiðjunni í Reykholti væri hægt að dingla fótunum um 30-40 cm yfir botni hennar. Það væri þá ekki nema smiðurinn hefði staðið í þrónni en hefði hún þá ekki þurft að vera víðari um sig og rúmbetri?



Steinþróin í Reykholti gegndi að mati höfunda öðru hlutverki en því að vera aflgröf af því tagi sem Kristján lýsir. Þróin var full af móösku í ólíkum lögum og stöku steinum. Gæti það bent til þess að þróin hefði verið notuð sem ruslagryfja í einhvern tíma eftir að eiginlegri notkun hennar lauk. Það var áberandi þegar þróin var rannsökuð að á samskeytum milli hellna og steina var þéttur leirkenndur jarðvegur. Hvort hann var settur þar strax í upphafi eða að hann hafi sest þar að er tímar liðu skal ósagt látið. Það er hins vegar trú þeirra sem rannsökuðu þróna að líkur séu til að hún hafi haldið vatni og getað þjónað sem hersluker. Hafi svo verið hefur verið mögulegt að herða heilu sverðsblöðin í svo djúpum nóstokk.

Þótt því sé hafnað að kenning Kristjáns Eldjárns, um að steinþrær í fornum smiðjum séu í raun aflgrafir, eigi við um steinþróna í Reykholti-smiðjunni þá eru hugleiðingar hans um tilveru og notkun aflgrafa í smiðjunum allrar athygli verðar. Í þessu sambandi er rétt að horfa til annarrar holu á verksvæði járnsmiðsins í Reykholti

með aflgröf í huga. Þetta er holan sem fannst við eldstæðið sunnanvert, þétt vestan við þróna. Svo sem 20 cm sunnan við holuna voru nokkrir steinar sem stóðu upp úr jörðinni. Holan var ekki djúp, um 15-20 cm, en rúmaði vel tvo fætur. Tilgátan er sú að á steinum, sem þá hafi verið fleiri og betur raðað, hafi verið komið fyrir á planka eða öðru sem þægilegt var að sitja á. Þar gat járnsmiðurinn setið og haft fæturna í holunni, sem þá mætti kalla aflgröf. Sitjandi á þessum stað gat járnsmiðurinn borið málmsað aflinum, hert hann í nóstokknum og blásið lífi í glæðurnar í aflinum gegnum loftrásina. En hvar hamraði smiðurinn síðan járn sitt? Hvar var steðjinn? Getur hugsast að smiðurinn hafi setið og unnið finvinnu á einhvers konar bretti á hnám sér en þegar grófari smíðar fóru fram hafi hann staðið við steðja? Þessu er velt hér upp í spurnarformi en verður ekki svarað til fullnustu fyrr en fleiri fornar smiðjur hafa verið rannsakaðar. Þess má geta að í eldstæðinu fundust örfínar koparþynnur sem freistandi er að ímynda sér að bendi til finlegrar smíði.

### Fundaskrá

- F-1 Lítill málmhlutur (tvær þynnur festar saman með tveimur nöglum) – fannst 150 cm vestur af steinþrónni í dökku sorplagi (blönduðu kolum) – í svipaðri hæð og efri brún steinþróarinnar.
- F-2 Trépinni – oddhvass í annan endann – á hinum endanum er hak í hlið pinnans – fannst rétt ofan við meint gólflag 80 cm sunnan við miðjan þann stein sem markar hornið á norðurhlið „hússins“ í norðaustur horni grunnsins.
- F-3 Hrafninumoli – fannst í kolalagi SV-við steinþróna (sjá flatarteikningu 1).
- F-4 Hvítt keramikbrot – ofan á járnlaginu (sjá flatarteikningu 1).
- F-5 Keramikbrot – ofan á járnlaginu (sjá flatarteikningu 1).
- F-6 Trénagli – brotinn – u.þ.b. 10 cm ofan við járnlagið (sjá flatarteikningu 1).
- F-7 Málmþynna – úr lagi u.þ.b. 10 cm ofan við járnlagið (sjá flatarteikningu 1).
- F-8 Nagli ofarlega í fyllingu stoðarholu S-við steinþró.
- F-9 Eldsprungnir steinar úr eldstæði.
- F-10 Koparþynnur úr botni/fyllingu eldstæðis.
- F-11 Leður úr botni/fyllingu eldstæðis.

### Sýnaskrá

- S-1 Bein úr móöskulagi nálægt botni steinþróar.
- S-2 Gjall úr efri lögum steinþróar (blanda af móösku og kolum).
- S-3 Kolabiti úr kolalagi (líklega í gólfi) SV við steinþró.
- S-4 Móaska úr steinþró lag 1.
- S-5 Kol úr steinþró lag 2.
- S-6 Sama og 5.
- S-7 Bein úr lagi 4 í steinþró.
- S-8 Móaska úr lagi 7 í steinþró.
- S-9 Viðarkol úr lagi 7 í steinþró.
- S-10 Brennd bein/tennur úr lagi 7 í steinþró.
- S-11 Brennd bein/tennur úr lagi 8 í steinþró.
- S-12 Gjall úr kolalagi sunnan við steinþró.
- S-13 Viður úr lagi kringum steina 1-3 m vestan steinþróar.
- S-14 Viðarbútur (sama lag og S-13), sjá flatarteikningu 1.
- S-15 Viður úr stoðarholufyllingu S við steinþró.
- S-16 Bein úr eldstæði ofarlega í möl/fyllingu.
- S-17 Möl, sót og kol úr botni eldstæðis (tveir pokar).
- S-18 Kolabitar úr eldstæði.

## Niðurstaða rannsóknar

Þegar ákveðið var að lyfta kirkjunni í Reykholti af grunninum svo að hægt yrði að endurnýja hann gerðu menn ráð fyrir að fyrri athafnir á svæðinu hefðu eyðilagt allar eldri mannvistaleifar. Annað kom á daginn. Á öllu framkvæmdasvæðinu, undir og utan með kirkjunni, fundust mannvirki og aðrar mannvistarleifar.

Rétt norðan við syðri langvegg kirkjugrunnsins fannst torfveggur sem gengið hefur í gegnum svæðið endilangt, frá vestri til austurs. Veggurinn hefur verið um 1 m breiður og hæð hans við rannsóknina var mest um 50 cm. Veggurinn virðist ekki tilheyrja sama tímasteiði kirkjugarðsins og grafirnar. Til þess voru grafirnar óeðlilega grunnar miðað við það yfirborð sem veggurinn hvíldi á og eins virðist ein grafanna ná inn undir vegginn. Sé gengið út frá því að grafir þurfi að hafa verið að tiltekinni dýpt og að sú dýpt sé meiri en 50-70 cm þá er ljóst að grafirnar hafa verið grafnar frá yfirborði sem var yfir torfveggnum og hann þar af leiðandi eldri en grafirnar. Ekki hafði verið gripið til nægilega nákvæmra rannsóknaraðferða þegar torfveggurinn var fjarlægður á þessum stað til að fullvissa fengist um að svona hafi þetta verið.

Alls fundust leifar fimm grafa sem tilheyrt hafa sama tímasteiði, sé litið til innbyrðis legu þeirra og legu í jarðveginum. Um aldur þeirra verður þó ekkert fullyrt. Ekki voru tekin sýni til aldursgreiningar úr gröfunum og engar aðrar áreiðanlegar vísbendingar var að finna á svæðinu í því sambandi. Þó má fullyrða að vitneskja um tilvist grafanna og sennilega torfveggjarins einnig virðist öllum gleymd þegar kirkja var reist í Reykholti 1887.

Norðan megin á svæðinu, rétt vestan við miðju, fundust leifar smiðju. Það sem fannst var aflinn, nóstokkur og hola sem í þessari skýrslu hefur verið haldið fram að hafi verið aflgröf. Aflinn, eða eldstæðið, var mjög heillegur og því auðvelt að gera sér grein fyrir því hvernig farið var að því að blása lofti í glæðurnar í gegnum steinhladdinn loftstokk. Steinþróin, sem aflinn og nóstokkurinn voru í, var um 80 cm djúp sem er óvenjulegt miðað við aðrar rannsakaðar steinþrær af sama tagi hér á landi. Það að aflinn og nóstokkurinn hafi verið niðurgrafin, auk vísbendinga yfirhöfuð um alfgröf á staðnum, bendir til þess að hér sé um elstu gerð smiðju að ræða. Seinna var aflinn, nóstokkurinn og steðjann færður í þá hæð að smiðurinn gat staðið uppréttur á gólfi við vinnu sína. Auðvelt ætti að vera að greina aldur smiðjunnar, því tekin voru sýni úr aflinum og víðar til aldursgreiningar. Greiningin á þeim bendir til þess að smiðjan hafi verið í notkun á tímabilinu 11.-13. aldar.

Smiðjan í Reykholti hefur að öllum líkindum staðið utandyra en þó undir þakskýli sem sennilega hefur verið reist út frá lítilli byggingu eða skúr sem smiðjan stóð austan við. Austan við smiðjuna fundust tvær holur þar sem í hafa verið stóðir en þær hafa væntanlega haldið þakinu uppi þeim megin. Hvaða tilgangi skúrinn hefur þjónað er ekki fullljóst en af því magni viðarþænis og viðarbúta sem þar fundust má ætla að hann hafi verið notaður sem viðargeymsla og e.t.v. í öðrum tilgangi einnig.

## Heimildir

Aage Roussell (1943). Stöng, Þjórsárdalur. Í Márten Stenberger (ritstj.), *Forntida gárdar í Island*, bls. 72-97. København

Guðmundur Ólafsson (1985). Þórustaðir, Vatnsleysuströnd. Eldstó? *Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands* 1985:1.

Kristján Eldjárn (1982). *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982. Að setjast í aflgröf. Punktar um smiðjuna í Stöng.* Reykjavík: Sögufélag.

Óprentuð gögn frá Húsverndardeild Þjóðminjasafns Íslands.